

Nd.

92. Frumvarp til laga

[85. mál]

um breyting á lögum nr. 44 5. apríl 1948 um visindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Á eftir orðunum „innan endimarka landgrunnsins“ í 1. málslíð 1. málsgreinar 1. gr. laganna komi orðin: eða á hafsvæði allt að 200 sjómílum utan við grunnlínu.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum, laga nr. 40 9. júní 1960 um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir visindalegu eftirliti, laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, með síðari breytingum eða, ef um brot er að ræða, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum frá kr. 10 000.00 til kr. 1 000 000.00.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 44 frá 5. apríl 1948 um visindalega verndun fiskimiða landgrunnsins var ákveðið, að íslensk stjórnvöld gætu með reglugerð ákvarðað, ... takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skuli háðar íslenskum reglum og eftirliti . . .“ Samkvæmt þeim lögum hafa síðan allar breytingar á fiskveiðilögsögunni verið gerðar og reglur settar um eftirlit og vernd á fiskimiðum við landið. Þannig var útfærsla fiskveiðilandhelginnar úr 3 í 4 mílur árið 1952 gerð samkvæmt landgrunnslögunum og sömuleiðis stækkun fiskveiðilandhelginnar úr 4 í 12 mílur árið 1958 og útfærslan úr 12 í 50 mílur var einnig gerð samkvæmt heimild í landgrunnslögunum frá 1948.

Nokkur óvissa hefir verið um það við hvaða mörk „landgrunnið“ skuli miðað. Þegar landgrunnslögin voru sett árið 1948 var algengast að miða landgrunnið við 200 metra dýpi. Síðar hafa komið fram margar hugmyndir um skilgreiningu á landgrunni og hafa þær miðað landgrunnsmörk hið minnsta við 200 metra dýpi, en í sumum tilfellum hefir verið miðað við allt að 2000 metra dýpi. Vegna þeirrar óvissu sem þannig er um skilgreiningu á stærð landgrunnsins og með sérstöku tilliti til þeirra miklu breytinga, sem fram hafa komið hin síðari ár, um afstöðu margra þjóða til lögsöguréttar strandríkja yfir fiskveiðum út frá ströndinni, þá þykir rétt, að við Íslendingar setjum skýrari mörk í lög um rétt okkar til lögsögu varðandi fiskveiðar, en nú er að finna í landgrunnslögunum frá 1948.

Íslendingar hafa þegar skipað sér í hóp þeirra þjóða, sem nú berjast fyrir alþjóðlegri viðurkenningu á rétti strandríkja til 200 mílna auðlindalögsögu. Til þess að undirstrika þessa stefnu, telur ríkisstjórnin rétt að breyta landgrunnslögunum frá 1948 á þann veg sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir. Samkvæmt landgrunnslögunum frá 1948 höfðu íslensk stjórnvöld heimild til að lýsa yfir verndarsvæðum og setja reglur um allar veiðar „innan endimarka landgrunnsins“. Sú heimild hefir verið notuð eftir því sem aðstæður hafa leyft og þörf hefir kallað á hverju sinni. Með þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að samskonar heimild nái allt að 200 sjómílum frá grunnlínum. Sú heimild verður síðan notuð eftir því sem þörf krefur og miðað við aðstæður til framkvæmda.

Í frumvarpinu er miðað við hafsvæði „ . . . allt að 200 sjómilur utan við grunnlínu“. Gera verður ráð fyrir að aðrar þjóðir kunni einnig að vilja færa sína fiskveiðilandhelgi út í 200 mílur og gæti þá komið til samkomulags á milli þeirra og Íslands, þegar svo stendur á að fjarlægð á milli landa er minni en 400 mílur. Væntanlega tekst að setja alþjóðlegar reglur um ákvörðun fiskveiðimarkna í slíkum tilvikum.

Lagt er til, að 3. gr. laganna verði breytt til samræmis við breytta fiskveiðilöggjöf. Brýna nauðsyn ber til hækkunar sekta frá því sem nú gildir, þar sem það ákvæði er löngu úrelt. Eru sektir hækkaðar til samræmis við breytt verðgildi krónunnar.